

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á viðburði í tilefni af
upphafi formlegs samstarfs við edX.**

Haldið á Litla-Torgi, föstudaginn 17. nóvember 2017 kl. 12.15

Kæru gestir, nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands

Verið innilega velkomin á flugtak þátttöku Háskóla Íslands í edX.

I would like to especially welcome Mark Rudnick, edX Director of Partner Success, to this launch of edX and the University of Iceland partnership. It is an honor for the University to participate in the edX global learning community and to have you with us today, Mark. I will now proceed in Icelandic.

Eins og mörgum er kunnugt er edX alþjóðlegt samstarfsnet háskóla um rekstur opinna netnámskeiða, sem bandarísku háskólarnir MIT og Harvard leiða. Það er mikill heiður fyrir Háskóla Íslands að vera boðin þátttaka í edX en einungis háskólum sem standa framarlega í alþjóðlegum samanburði er boðin þátttaka. Með samstarfinu gerist Háskólinn virkur þátttakandi í þeirri hnattrænu þróun á sviði háskólamenntunar sem tilkoma samstarfsneta á borð við edX hefur í för með sér. Þátttakan er einnig leið til að miðla upplýsingum um styrkleika og sérstöðu Háskóla Íslands á alþjóðlegum vettvangi, en jafnframt tækifæri til að efla notkun upplýsingatækni í námi og kennslu við skólann og miðla upplýsingum um nýja kennsluhætti. Með þátttökunni hefur Háskóli Íslands aðgang að þeirri miklu reynslu og þekkingu sem felst í samstarfsneti edX.

Tilgangur samstarfsins er að auka framboð opinna námskeiða sem kölluð eru MOOCs, Massive Open Online Courses, í því augnamiði að auka aðgengi að námi, efla notkun nýrrar tækni til kennslu í háskólanámi og þar með þróa kennsluaðferðir í takt við tæknilegar og samfélagslegar breytingar sem eru að eiga sér stað.

Tækniþróun hefur áhrif á háskólakennslu eins og aðra þætti samfélagsins. Tæknin breytir því hvernig nemendur okkar hugsa, hvernig þau læra, hvernig þau leita lausna og hvernig og hvaðan þau afla sér og nota upplýsingar. Tækniþróun hefur einnig gríðarleg áhrif á það samfélag og atvinnulíf sem við erum að búa nemendur okkar undir. Háskólar um allan heim þurfa að þróast í takt við þessar breytingar.

Gildi háskólamenntunar minnkar síst við þessar miklu tæknilegu og samfélagslegu breytingar því spár gera ráð fyrir vaxandi þörf fyrir sérhæfðara starfsfólk þegar fram líða stundir. Af þessu þurfa háskólar að taka mið og þróa námsframboð sem býr nemendur okkar undir þátttöku í sífellt tæknivæddari heimi.

Tækninýjungar á borð við edX nýtast í þágu menntunar með ýmsum hætti. Þær geta til að mynda nýst til að ná til hópa sem af ýmsum ástæðum eiga ekki greiðan aðgang að menntun, bæði innanlands og um allan heim. Á sama hátt getur edX gagnast sem vettvangur til að koma þekkingu innan Háskóla Íslands á framfæri til mun stærri hóps en áður. Síðast en ekki síst veitir þátttaka í samstarfsneti háskóla eins og edX dýrmætan aðgang að upplýsingum og sérþekkingu á þröngum sviðum, sem skiptir ekki síst máli í litlum samfélögum eins og hér á landi.

Eitt mikilvægasta hlutverk háskóla er að vera samfélag þar sem fræðimenn og nemendur úr ólíkum áttum hittast, kynnast og skapa sameiginlega þekkingu.

Mikilvægt er því að við beitum tækninýjungum í þágu þeirra markmiða og leggjum áherslu á að skapa gott námssamfélag þar sem nemendur úr ólíkum áttum vinna og læra saman, læra að leysa flókin verkefni, þjálfra gagnýna hugsun, og hitta fjölbreyttan hóp fræðimanna og fagaðila. Galdurinn og viðfangsefnið sem við stöndum frammi fyrir er að grípa öll þau tækifæri sem tæknin býður upp á en fórna aldrei virkni nemandans í náminu né námssamfélaginu sem við höfum skapað hér við Háskóla Íslands.

Aðdragandinn að þátttöku Háskóla Íslands að edX hefur verið nokkur. Árið 2012 skipaði forveri minn í embætti rektors, Kristín Ingólfssdóttir, nefnd til að kanna og meta kosti opinna netnámskeiða fyrir skólann. Þá þegar var hópur kennara og nemenda byrjaður að nýta sér í einhverjum mæli kosti opinna netnámskeiða í kennslu og námi og hefur sá hópur farið ört stækkandi á síðustu árum. Kristín dvaldi síðan við edX á haustmisseri árið 2015. Háskóla Íslands bauðst í framhaldinu að vera formlegur þátttakandi í samstarfsnetinu og í dag göngum við formlega til samstarfsins með því að kynna fyrsta námskeið Háskóla Íslands í edX. Námskeiðið *The Medieval Icelandic Sagas*, í norrænum miðaldafræðum þar sem Íslendingasögurnar verða í öndvegi.

Góðir gestir. Um leið og ég fagna upphafi samstarfs Háskóla Íslands og edX vil ég einnig þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við undirbúning samstarfsins, gerð fyrsta edX námskeiðs Háskóla Íslands og dagskrárinnar hér í dag. Megi þátttaka Háskóla Íslands í edX verða allri kennsluþróun við Háskóla Íslands til góðs fyrir nemendur og kennara og þar með íslensku samfélagi til hagsbóta.

Allow me to introduce Mark Rudnick. Mark is a Director of Partner Success at edX, and has worked directly with a number of edX partner institutions and course teams to guide them in building excellent courses for the edX platform. Mark is particularly interested in leveraging the global reach of edX and its partners to bring innovation to education around the world.

Again, a very warm welcome. We're delighted and honored that you're with us today.